



Gjöfin sem gleður

Vefsíða Kópavogspóstisins **kgp.is**

Fylgdu okkur á: **Facebook.com/Kopavogsposturinn**
Twitter.com/Kopavogspostur eða **Instagram.com/Kopavogsposturinn**

KÓPAVOGS

- P Ó S T U R I N N -

30. tbl. 29. árg. Fimmtudagur 23. nóvember 2023. Kópavogspóstinum er dreift ókeypis inn á heimili í Kópavogi
 FRÉTTABLAÐ KÓPAVOGSBÚA FRÁ 1994 BÆJARBLAÐIÐ ÞITT! VEFSÍÐA: WWW.KGP.IS

KOMINNTÍMA SKOÐUN?

Verið velkomin með bílinn í skoðun á Dalveg 22

Lyfjaval
 HELSA'S HAFINGJA

24/7
 OPIÐ

Bílaapótek Lyfjaval's Hæðasmára

ÞARFTU AÐ SELJA

HRINGDU Í 520-9595

KRAFTUR – TRAUST – ÁRANGUR

Bæjarlind 14-16
 www.errea.is

MENNING Á MIÐVIKUDÖGUM

29. NÓVEMBER → 12:15

LESLYNDI með Guðrúnu Evu Mínerudóttur á Bókasafni Kópavogs

meko.is Bókasafn Kópavogs



Jólastjarnan á Hálsatorgi

Kveikt var á jólastjörnunni á Hálsatorgi sl. föstudag að viðstöddum börnum úr leikskólanum Marbakka og 3. bekk Kársnesskóla auk fleiri góðra gesta. Börnin töldu niður saman ásamt Ásdísi Kristjánsdóttur bæjarstjóri áður en tendrað var á stjörnunni.

Þá var gengið kringum stjörnunna og sungin jólalög sem komu viðstöddum í jólaskapið. Börnin úr Kársnesskóla sungu nokkur lög undir

stjörn þeirra Þóru Marteinsdóttur og Álfheiðar Björgvinsdóttur við harmonikkuleik Ástvalds Traustasonar. Þetta er fimm ára í röð sem stjarnan er á Hálsatorgi en hún veitir mikla og fallega lýsingu á svæðið, gangandi og akandi vegfarendum til mikillar ánægju.

Uppsetning jóla- og skammdegisljósa er vel á veg komin hjá Kópavogsbæ. Lokahnykkurinn á uppsetningu ljósanna er þegar tendrað er á jóla-tréi bæjarins á Adventuhátíðinni 2. desember.

LÆGSTA
 VERÐIÐ
 Í KÓPAVOGI
 ER Á **DALVEGI**

HAFID
 FISKVÆÐUN
 Gæðis ábyrgt mátt

Jólavörur Hafsins eru komnar í verslanir okkar.
 Hafid.is

Nettó Engihjalla
 Opið alla daga 8–24



nettó

30% AFSLÁTTUR
 MEÐ VILDARKORTI
 LINDAR



hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálingu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsöllum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Auglýsing um breytt deiliskipulag í Kópavogi

Kópavogsdalur. Tennishöll við Dalsmára 13. Tillaga að breyttu deiliskipulagi.

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 24. október 2023 að auglýsa í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Dalsmára 13. Í breytingunni felst stækkun lóðarinnar um 10m frá núverandi lóðamörkum í austur, alls um 660 m² ásamt tillögu að viðbyggingu við núverandi hús á lóðinni alls um 1.800 m² að flatarmáli. Gert er ráð fyrir nýrri aðkomu sunnan megin við fyrirhugaða viðbyggingu og nýjum tengingangum úr gleri í stað núverandi brúar. Jafnframt er gert ráð fyrir að veitingastaður í núverandi byggingu á lóðinni verði í flokki 2. Fyrirkomulag bílastæða breytist, þeim fækkar úr 17 stæðum í 15, og gert er ráð fyrir 15 hjólastæðum á lóðinni. Einnig breytist lega göngustígar sunnan lóðar.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Ofangreind tillaga er aðgengileg á vef Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, í þjónustuveri bæjarins að Digranesvegi 1 og í skipulagsgátt <https://skipulagsgatt.is/>.

Ef óskað er eftir nánari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda fyrirspurn á starfsfólk skipulagsseildar á netfangið skipulag@kopavogur.is

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Kynning hefst þann 20. nóvember 2023. Athugasemdir og ábendingar við framlagða tillögu skulu hafa borist gegnum skipulagsgátt <https://skipulagsgatt.is/> eigi síðar en **mánudaginn 8. janúar 2024.**

Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi.



Kópavogsbær

kopavogur.is



FRÍMANN & HÁLFMÁN

ÚTFARARÞJÓNUSTA



Frimann
897 2468



Hálfmán
898 5765



Ólöf
898 3075



Kristín
699 0512

Stapahrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is



Vefsíða Kópavogspóstisins **kgp.is**

Facebook.com/Kopavogsposturinn

Twitter.com/Kopavogsposturinn

Instagram.com/Kopavogsposturinn

Rekstrarafgangur 144 milljónir

Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir árið 2024 var lögð fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn

Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir árið 2024 var lögð fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn þriðjudaginn 14. nóvember síðastliðinn.

Skuldaviðmið 104% og langt undir lögbundnu viðmiði

Gert er ráð fyrir að rekstrarniðurstaða samstæðunnar verði jákvæð sem nemur 144 milljónum og að niðurstaða A-hluta verði jákvæð um 104 milljónir. Veltufé frá rekstri er áætlað 4,6 milljarðar króna á samstæðu bæjarins. Skuldaviðmið eru 104 % samkvæmt áætlun, sem er langt undir lögbundnu viðmiði.

Ábyrgur rekstur í krefjandi umhverfi

„Rekstur Kópavogsbæjar er traustur og bærinn er rekinn með ábyrgum hætti. Þær hagræðingar sem lagt var upp með í fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2023 hafa gengið eftir. Áfram verður lögð áhersla á að lækka álögur og munu fasteignaskattar lækka milli ára. Við þær aðstæður sem nú ríkja í efnahagslífinu er mikilvægt að gæta aðhalds í rekstri. Áfram verður leitast við að hagræða á árinu 2024 með það að markmiði að nýta betur fjármagn bæjarbúa.

Fjármagni verður áfram forgangsraðað í grunnþjónustu. Viðbótarfjármagni verður veitt í velferðarþjónustu, einkum þjónustu við fatlaða. Þá verður fjármagn aukið til að mæta betur þörfum nemenda í grunnskólum sem eru með íslensku sem annað tungumál.

Veltufé frá rekstri er sterkt, sem skapar rými til áframhaldandi uppbyggingar í bæjarféluginu. Fjöðlega verður úthlutað lóðum í nýju hverfi í efri byggðum sem mun kalla á uppbyggingu innviða. Þá mun nýr Kársnesskóli rísa á árinu og leikskólar verða byggðir til að mæta fyrirbyggjandi fjölgun íbúa. Áform eru um áframhaldandi uppbyggingu íþróttamannvirkja.

Á árinu 2023 var rík áhersla lögð á að stiga markviss skref til að leysa mönnunarvanda leikskóla. Þær breytingar hafa skilað góðum árangri, vistunartími barna hefur styst og mönnum gengur mun betur en undanfarin ár. Ekki hefur þurft að loka deildum sökum manneklu og leikskólabörn upplifa minna álag og stöðugleika í þjónustunni. Á árinu 2024 verður ráðist í markvissar aðgerðir til að bæta enn frekar umhverfi leikskóla.

Rekstur Kópavogsbæjar mun áfram fela í sér hóflegar álögur, öfluga þjónustu við íbúa á öllum aldri og uppbyggingu innviða fyrir framtíð bæjarins.“ segir Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri.

Fasteignaskattar lækkaðir ellefta árið í röð

Fjárhagsáætlun sýnir að fjárhagur bæjarins er traustur. Hagræðingaradgerðir sem ráðist var í árið 2023 hafa haft jákvæð áhrif á reksturinn sem skapar rými til að forgangsraða enn frekar í þágu grunnþjónustu í mennta- og velferðarmálum.

Spár greiningaraðila gera ráð fyrir að verðbólga lækki og verði á bilinu 5-6% á árinu. Efnahagsumhverfi verður hins vegar áfram krefjandi, kjarasamningar eru lausir á næsta ári með tilheyrandi óvissu.

Ellefta árið í röð lækka fasteignaskattar á íbúðarhúsnæði til að koma til móts við



hækkun fasteignamats. Þá lækka einnig önnur fasteignagjöld á árinu. Með þessum aðgerðum lækka álögur á íbúa Kópavogs um 200 milljónir samanlagt.

Útsvarsprósenta helst áfram óbreytt.

Breytt verklag og viðmið í gjaldskrárbreytingum var samþykkt í bæjarstjórn sumarið 2023 með það að leiðarljósi að fanga betur kostnaðarbreytingar í rekstri. Gjaldskrár taka því nú mið af uppreiknaðri vísitölu samkvæmt vísitölum Hagstofu Íslands í hlutfalli við vægi einstakra kostnaðarliða í rekstri. Verða gjaldskrár endurskoðaðar að jafnaði tvisvar til fjórum sinnum á ári.

Heilsuefling eldri bæjarbúa verður eftir áfram í gegnum verkefnið „Virgni og velíðan“ en auk þess verður farið í tilraunaverkefni í hálf ári frá og með áramótum þar sem félagsmiðstöðvar aldaraðra verða opnar á laugardögum einu sinni í mánuði.

Framkvæmdir áætlaðar rúmlega sex milljarðar á næsta ári

Umfangsmiklar framkvæmdir á vegum bæjarins eru áætlaðar á næsta ári fyrir rúmlega sex milljarða króna og áfram tryggt að innviðir mæti þörfum bæjarbúa. Lokið verður við uppbyggingu á Kársnesskóla og leikskóla tengdum skólanum. Þá verður hafist handa við byggingu nýs leik-



Vatnsendahvarf er nýtt hverfi í Kópavogi og verður hafist handa við úthlutun lóða og uppbyggingu á hverfinu á næsta ári

Velferð og menntun í barnvænu sveitarfélagi

Á árinu 2024 verður rík áhersla á málefni leik- og grunnskóla og á að halda úti góðri velferðarþjónustu. Kópavogur er barnvænt sveitarfélag og verkefni sveitarfélagsins taka mið af því. Unnið verður áfram að innleiðingu farsældarlag. Þá verður fylgt enn frekari eftir breytingar á starfsumhverfi leikskóla sem tóku gildi á árinu 2023, árangur verður mældur og viðhorf foreldra og barna gagnvart breytingunum. Gert er ráð fyrir að starfsumhverfi leikskólanna verði styrkt enn frekar ef fjárhagslegur ávinningur skapast. Í samræmi við ábendingar foreldra verður sveigjanleiki í skráningu dvalartíma barna aukinn enn frekar og breytingar gerðar á tekjutengdum afslætti til að mæta betur tekjulágum heimilum og einstæðum foreldrum.

Á árinu 2023 voru teknar upp heimgreiðslur og verður þeim haldið áfram.

Samræmd móttaka flóttafólks verður efla og ráðið í fleiri stöðugildi til að sinna henni. Endurgreiddur kostnaður ríkisins mætir þeim kostnaði ekki að fullu.

Málaflokkur fatlaðs fólks er verulega vanfjármagnaður af hálfu ríkisins og mikilvægt að ná niðurstöðu í þeim efnum hið fyrsta. Frá árinu 2018 er uppsafnaður hallarekstur Kópavogsbæjar ríflega þrjú milljarðar króna. Áfram verður viðbótarfjármagn veitt vegna stuðnings- og stöðþjónustu, auk þess sem verulegur kostnaður fellur til vegna vistunar barna utan heimilis í sértækum úrræðum.

skóla við Skólatróð. Unnið verður að undirbúningi byggingar leikskóla í Naustavör og leik- og grunnskóla í Vatnsendahvarfi.

Vatnsendahvarf er nýtt hverfi í Kópavogi og verður hafist handa við úthlutun lóða og uppbyggingu á hverfinu á næsta ári. Eins og venja er í fjárhagsáætlun Kópavog er ekki gert ráð fyrir tekjum fyrir úthlutun lóða/byggingarréttar í fjárhagsáætlun.

Stefnt er að því að hefja byggingu aðalvallar HK við Kórinna. Þá verður byggður nýr gervigrasvöllur vestan Fifunnar.

Stækkun hjúkrunarheimilisins Boðans heldur áfram og gert ráð fyrir 175 milljónum til þess verks á árinu.

Um 1,8 milljörðum króna verður varið í gatnagerð og skipulagsmál árið 2024.

Framkvæmdir hefjast 2024 á fyrstu hæð Bókasafns og Náttúrufræðistofu Kópavogs en þar verður nýtt upplifunarrými sem tengja mun saman lestur, tónlist, list og náttúrufræði. Stefnt er að opnun rýmisins sumarið 2024.

Stefnumiðuð áætlun

Gert er ráð fyrir 2% fjölgun íbúa og að þeir verði þeir orðnir 41.418 kr. í lok árs 2024. Með fjárhagsáætlun 2024 er einnig lögð fram þriggja ára áætlun árunna 2025, 2026 og 2027 til fyrri umræðu. Fjárhagsáætlunin tekur mið af stefnum og aðgerðaráætlunum bæjarins, mælanlegum markmiðum og aðgerðum og er þetta þriðja árið í röð sem unnið er með stefnumiðuð fjárhagsáætlunargerð.

LINDEX

24. - 27. nóvember

20%

af öllum
vörum

lindex.is

KÓPAVOGS

- P Ó S T U R I N N -

Útgefandi: Kópavogspósturinn ehf.

Netfang: valdimar@kp.is Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson,

Sími: 697 4020. Vefsíða: www.kgp.is Umbrot: Kópavogspósturinn ehf.

Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Kópavogspósturinn kemur næst 30. nóvember
Síðasti skiladagur er föstudaginn 24. nóvember

valdimar@kp.is - Sími 697 4020

Vefsíða Kópavogspóstsins, www.kgp.is

Kópavogspósturinn er á: Facebook, Twitter og Instagram



Útfararstofa Íslands

www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna
Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455



Útfararstofa Hafnarfjarðar

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



Frí Tjónaskoðun

★ GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★

Auðbrekku 27. Kópavogi

www.bilasprautun.is

554 2510

SJÓVÁ

TM

VÍR

VÖRÐUR

BGS



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Facebook.com/Kopavogsposturinn

Twitter.com/Kopavogspostur

Instagram.com/Kopavogsposturinn

Kópavogsbúar voru

40.572 þann 20. nóvember sl.

Íbúum Kópavogs fjölgaði um 738 íbúa á tímabilinu frá 1. desember 2022 til 1. nóvember 2023

Íbúum í Kópavogi fjölgaði um 738 íbúa á tímabilinu frá 1. desember 2022 til 1. nóvember 2023 sem er 1,9% fjölgun, en af sveitarfélögum sjö á höfuðborgarsvæðinu er þetta þriðja minnsta fjölgunin í viðkomandi sveitarfélögum. Mest er fjölgunin í Garðabæ og Hafnarfirði á þessu tímabili, en þar fjölgaði íbúum um 2,7%.

Kópavogsbúar voru þann fyrsta 1. nóvember 40.535, en þeir voru orðnir 40.572 sl. mánudag og það er fyrirséð að Kópavogsbúar muni rjúfa 41.000 íbúa múrinn á næsta ári. Kópavogsbúar voru 39.797 þann 1. desember 2022.

Eins og áður segir þá fjölgaði grönnum okkar í Garðabæ um 510 íbúa á tímabilinu frá 1. desember 2022 til 1. nóvember 2023 sem er 2,7% fjölgun, en Reykvikungum fjölgaði um 3.457 íbúar sem gerir 2,5% fjölgun.

40.572
Fjöldi íbúa

Fjölgar hlutfallslega mest í Eyja- og Miklaholtshreppi

Þegar horft er til hlutfallslegrar breytingar á íbúafjölda þá hefur íbúum í Eyja- og Miklaholtshreppi fjölgað hlutfallslega mest frá 1. desember 2022 um 13,4% en íbúum þar fjölgaði um 15 íbúa. Hlutfallslega fjölgaði íbúum næst mest í Sveitarfélaginu Vogar eða 11,4% en þar fjölgaði íbúum um 159 einstaklinga frá 1. desember 2022. Af 64 númerandi sveitarfélögum þá fækkaði

íbúum í 10 sveitarfélögum en fjölgaði eða stóð í stað í 54 sveitarfélögum.

Fjölgar í öllum landshlutum

Íbúum fjölgar í öllum landshlutum miðað við 1. desember 2022. Hlutfallslega mest hefur fjölgunin verið á Suðurnesjum eða um 5,2% sem er fjölgun um 1.608 íbúa. Þessar tölur eru byggðar á skráningu þjóðskrár á fjölda einstaklinga sem eru skráðir með búsetu hér á landi.

Heildarsýn fyrir Kópavogsdal

Kópavogsbúum stendur nú til boða að koma með hugmyndir og ábendingar um framtíðarsýn þeirra fyrir Kópavogsdal.

Kópavogsdalur skipar mikilvægan sess í útivist og íþróttalífi bæjarins og veitir dalurinn og aðliggjandi svæði Kópavogsbúum ómetanleg lífsgæði.

Íbúar geta sett inn tillögur á vef verkefnisins í fimm flokkum, náttúra, afþreying og útivist, stígar og tengingar, íþróttasvæði og annað. Söfnunin fer fram á svæði Kópavogs á Betra Ísland og er opin til 29. nóvember.

Starfshópur hefur verið skipaður sem vinna mun tillögur að heildarsýn fyrir Kópavogsdal. Ennfremur mun hópurinn leggja mat á hvort ástæða sé til þess að gera breytingar á gildandi skipulagsáætlun Kópavogs.

Samráð við íbúa er hluti af vinnu starfshópsins sem mun auk þess kalla eftir þarfagreiningu frá skilgreindum hagaðilum á svæðinu sem og skriflegum umsögnum frá aðilum sem gætu haft hagsmuna að gæta í dalnum eða búa yfir þekkingu eða upplýsingum sem geta verið gagnlegar fyrir starfshópinn.



Starfshópurinn. F.v. Andri Steinn Hilmarsson, Sigrún María Kristinsdóttir, Íris Svavarsdóttir, Hjördís Ýr Johnson, formaður, Kristinn Dagur Gissurarson, Auður Dagný Kristinsdóttir og Hákon Gunnarsson.



Þarfagreiningu og umsögnum þarf að skila skriflega til Kópavogsbæjar, í þjónustuver að Digranesvegi 1 eða á netfangið: sigrun.maria@kopavogur.is.

Starfshópurinn skipa: Hjördís Ýr Johnson, formaður, Andri Steinn Hilmarsson, Auður

Starfshópurinn mun skila inn skýrslu og tillögum til bæjarstjóra í ársbyrjun 2024.

Aðsend grein

Baldur Þór Baldvinsson

Undirskriftarsöfnun hafin

Undirskriftarsöfnun hafin fyrir því að félagsheimili eldri borgara í Kópavogi verði opin um helgar.

26. okt.sl. birtist í Kópavogspósti ákall um að félagsheimilin fyrir eldri borgara verði opin um helgar, en þær eru því miður kvíðaeftir fyrir marga, sérstaklega þá sem búa einir. Boðað var til undirskriftarsöfnunar hjá Kópavogsbúum, eldri borgurum, aðstandendum og öllum þeim sem láta sig málið varða. Hefur nú verið opnaður rafrænn aðgangur að þessari söfnun. Félag eldri borgara hefur sent tölvupósta á alla félagsmenn sína, þar

sem þeir eru hvattir til þess að skrá sig rafrænt í gegnum þennan aðgang. Einnig má skrá sig gegnum heimasíðu og fésbókarsíðu febk.is.

Þá liggja undirskriftalistar frammi í öllum félagsheimilum eldri borgara fyrir þá sem ekki nota rafræna miðla. Þess er vænst að eldri borgarar í Kópavogi, aðstandendur þeirra, já allir Kópavogsbúar, láti sig þetta mál varða með undirskriftum sínum, en söfnun stendur nú yfir

Fyrir hönd FEBK
Baldur Þór Baldvinsson



Baldur Þór Baldvinsson

JÓLA LUNÐUR

Í Kópavogi

Alla sunnudaga
á aðventunni
frá kl. 13-15



Lista- og menningarráð Kópavogs býður íbúum að njóta samverustundar í Jólalundi Kópavogs (Guðmundarlundur)

Dagskrá í Jólalundi

Barnakór

kl. 13.05 við innganginn, kl. 13.20 við kaffihúsið
kl. 13.35 við leiktækin, kl. 14.05 við innganginn
kl. 14.20 við kaffihúsið og kl. 14.35 við leiktækin.

Jólaball með Rófu

kl. 13.10, kl. 13.40, kl. 14.10 og kl. 14.40.

Spurningakeppni Hurðaskellis

kl. 13.15, kl. 13.45, kl. 14.15 og kl. 14.45

Staðsetning viðburða

- 1 Bílastæði
- 2 Inngangur
- 3 Jólaball með Rófu
- 4 Salerni
- 5 Föndurstöð í boði IKEA (opið kl. 13-15)
- 6 Kaffisala (opin kl. 12.30-15.30)
- 7 Spurningakeppni Hurðaskellis
- 8 Leiktæki

Alls kyns uppákomur í boði og allir dagskrárliðir eru ókeypis

Verið öll velkomin.



Kópavogsbær



Okkar áherslur

Rekstur Kópavogsbæjar er í dag heilbrigður, bæjarsjóður er rekinn með ábyrgum hætti og skuldahlutföll eru lág. Áherslur okkar sem gegnum forystu í bæjarfélaginu eru að skila góðum rekstri í formi lægri skatta sem allir bæjarbúar njóta góðs af. Á næsta ári munu því fasteignaskattar og önnur fasteignagjöld lækka samtals um 200 milljónir króna. Þannig tryggjum við að bæjarbúar taki ekki á sig ósanngjarna skattahækkun vegna hækkunar fasteignaverðs. Áfram verður áhersla lögð á að gæta aðhalds í rekstri og tryggja að fjármagn bæjarbúa sé nýtt með sem hagkvæmustum hætti.

Við ætlum að forgangsraða fjármagn í grunnþjónustu og verður á næsta ári viðbótarfjármagn veitt í velferðarþjónustu, einkum fyrir fatlað fólks. Þá verður fjármagn aukið til að mæta betur þörfum nemenda sem eru með íslensku sem annað tungumál. Rík áhersla verður á að efla lýðheilsu barna, ungmenna og full-orðinna í heilsueflandi verkefnum. Þá hefur verið ákall þess efnis að félagsmiðstöðvar aldaraðra verði opnar um helgar, við ætlum að stíga fyrsta skref í þeim efnun á næsta ári.

Umfangsmiklar framkvæmdir eru fram undan í Kópavogi samfara því sem bæjarbúum fjölga. Nýr Kársnesskóli mun rísa á árinu, leikskólar verða byggðir í efri og neðri byggðum Kópavogs til að mæta fjölgun íbúa. Þá eru áform um frekari uppbyggingu íþróttamannvirkja og ætlum við að hefja framkvæmdir á nýjum keppnisvelli við HK en því hefur verið lofað í rúman áratug. Þá hefur orðið mikil fjölgun íðkenda hjá Breiðablik samfara fjölgun íbúa sem þarf að mæta með nýjum æfingavelli vestan Fifunnar.

Ólíkar pólitískar áherslur
Í umræðu í bæjarstjórn í tenglum við fjárhagsáætlun 2024 kom berlega í ljós hversu ólíkar pólitískar áherslur eru hjá meirihlutunum annars vegar og minnihlutunum hins vegar.

Bæjarfulltrúi Samfylkingar gagnrýndi áherslur okkar á skattalækkanir og taldi að Kópavogsbær ætti að fullnýta heimild bæjarins í skattlagningu sinni, hvort sem í formi útsvarshækkunar eða hækkunar á fasteignasköttum. Ef fasteignaskattar yrðu hækkaðir upp í þá skattprósentur sem Reykjavík skattleggur sína íbúa og útsvarsprósentan yrði hækkuð upp í hámark, þá myndi það eitt og sér þýða 400 milljón króna skattahækkun á Kópavogsbúa.

Bæjarfulltrúi Viðreisnar, taldi að fresta ætti nauðsynlegum framkvæmdum á uppbyggingu íþróttamannvirkja hjá HK og Breiðablik. Þannig taldi bæjarfulltrúinn, sem setið hefur í áratug í bæjarstjórn, ekki rétta tímann til að hefja framkvæmdir á aðalvelli HK, framkvæmd sem lofað hefur verið frá 2012. Þá gagnrýndi bæjarfulltrúinn einnig meirihlutann fyrir að ætla sér að hefja framkvæmdir á nýjum æfingavelli fyrir Breiðablik þrátt fyrir að vitað sé að aðstaðan er sprungin hjá félaginu vegna fjölgunar íðkenda.

Þrátt fyrir að umfangsmiklar framkvæmdir séu fram undan í bæjarfélaginu verður skuldastaðan áfram sjálfbær, skuldahlutfall lágt og greiðslugeta Kópavogsbæjar sterk. Á þeim grunni erum við reiðbúin að mæta þörfum íbúa með því að ráðast í nauðsynlegar innviðaupbyggingar eins og að mæta þörfum íþróttafélaga í bæn-um með uppbyggingu íþróttamannvirkja.



Ásdís Kristjánsdóttir



Orri Vignir Hlöðversson

Það er ákvörðun að gæta aðhalds í rekstri, hagræða og forgangsraða fjármunum með öðrum hætti. Eins er það ákvörðun að skila góðum rekstri í formi skattalækkanana til bæjarbúa.

Undir okkar forystu verður tryggt að Kópavogur verði áfram sveitarfélag í fremstu röð þegar horft er til lífsgæða hér á landi.

Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri og oddviti Sjálfstæðisflokksins og Orri Vignir Hlöðversson, formaður bæjarráðs og oddviti Framsóknarflokksins.

Aðalfundur SSH fór fram í Salnum



Svavar Sigurðarson starfsmaður SHS, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH, Almar Guðmundsson bæjarstjóri Garðabæjar, Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri Seltjarnarness, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri Reykjavíkur, Regina Ásvaldsdóttir bæjarstjóri Mosfellsbæjar og formaður SSH, Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri Kópavogs og Helgi Þór Loftsson, Helgi Hjörleifsson og Andri Dagur Símonarson starfsmenn SHS

Þann 10. nóvember var aðalfundur SSH og ársfundur byggðasamlaganna haldinn í Salnum í Kópavogi og sat Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri í Kópavogi fundinn ásamt öðrum bæjarstjórum á höfuðborgarsvæðinu.

Auk almennra aðalfundarstarfa voru haldnir áhugaverðir fyrirlestrar á vegum byggðasamlaganna á ársfundi þeirra. Einnig hélt Hulda Þórisdóttir prófessor við Stjórnáfræðideild Háskóla Íslands erindi um hvernig hegðunarvísindi

geta nýst við stefnumótun. Þá flutti Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfis-, orku og loftslagsráðherra erindi um stöðu loftslagsmála.

Fundinn sátu auk stjórnar og starfsfólks kjörnir fulltrúar sveitarfélaganna.

Á vegum byggðasamlaganna var sýning á slökkvibíl og öðrum búnaði slökkviliðsins, sorphirðubíl og glænýjum rafmagnsstrætisvagni sem hægt var að skoða fyrir fundinn.

[Facebook.com/Kopavogsposturinn](https://www.facebook.com/Kopavogsposturinn)
[Twitter.com/Kopavogspostur](https://www.twitter.com/Kopavogspostur)
[Instagram.com/Kopavogsposturinn](https://www.instagram.com/Kopavogsposturinn)

Gjafabréf í pakkan

Gefum tilboð í magnkaup á info@stractahotels.is

[STRACTAHOTELS.IS](https://www.stractahotels.is)

+354 531 8010

Rangárflatar 4, Hella



TE & KAFFI

Hlýjar kveðjur

FRÁ OKKAR FJÖLSKYLDU
TIL YKKAR



**Jólakaffið okkar er komið í verslanir og í vefverslun á teogkaffi.is
Njótum saman um hátíðirnar!**

Samkór Kópavogs syngur inn aðventuna á sínum árlegu jólatónleikum sunnudaginn 3. desember n.k



Samkór Kópavogs syngur inn aðventuna á sínum árlegu jólatónleikum sunnudaginn 3. desember n.k. Tónleikarnir eru í Digraneskirkju kl. 17.

Einsöngvari með kórnum að þessu sinni er tenórsöngvarinn, Gunnar Björn Jónsson. Gunnar Björn nam sönglistina í söngskóla Sigurðar Demetz þar sem kennari hans var Kristján Jóhannsson. Eftir útskrift hélt hann til frekara náms í Milanó á Ítalíu. Gunnar Björn hefur sungið víða, hér heima og erlendis, unnið til verðlauna og sungið lykilhlutverk í óperum sem og tekið þátt í ýmsum viðburðum víða um heim, svo sem gjörningum Ragnars Kjartanssonar.

Söngstjóri kórsins, til farsælla tíu ára, er Friðrik S. Kristinsson. Í forföllum Friðriks mun Lenka Mátéová stjórna kórnum á tónleikunum. Meðleikari er Peter Maté

og trompetleikarar eru Grímur Sigurðsson og Kristján Hermannsson.

Samkór Kópavogs hefur starfað nær óslitið í Kópvogi frá árinu 1966. Jan Morávek stofnaði kórinn ásamt nokkrum sönglögum Kópavogsbúum. Allt frá stofnun hefur kórinn verið sterkur hlekkur í menningarlífi bæjarins. Auk þess að halda reglulega tónleika hefur kórinn haldið í fjölda söngferða, bæði innan – og utalands.

Núverandi formaður kórsins er Sigríður V. Finnsdóttir. Kórfélagar eru nú um 50 talsins.

Kórinn æfir í Digraneskirkju á mánudagskvöldum. Samkórinn getur ávallt bætt við sig góðu söngfólki og hvetur áhugasama að hafa samband við formann eða með því að senda tölvupóst á samkor@

samkor.is Heimasíða kórsins er www.samkor.is og kórinn má einnig finna á Facebook.

Yfirskrift tónleikanna er Friðarjól

Samkórinn býður bæjarbúum sem og öðrum innilega velkomin á tónleikana. Yfirskrift tónleikanna er FRÍÐARJÓL. Á þessum tímum hamfara og stríðsátaka vill kórinn hugsa til þeirra sem eiga um sárt að binda og mikilvægis friðar og mannúðar. Efnisskrá tónleikanna er við allra hæfi, þekkt og falleg aðventu – og jólalög.

Miðaverð er kr. 3.500. Miðasala er hjá kórfélögum og við innganginn. Einnig er hægt að láta taka frá miða með því að senda tölvupóst á samkor@samkor.is.

Samkórinn óskar öllu Kópavogsbúum gleðilegrar aðventu og heillaríkra friðarjóna.

Árlegt bókasjall bókasafnsins er í kvöld kl. 20



Kristín Ómarsdóttir

Einar Kárason

Vigdís Grímsdóttir

Í kvöld, fimmtudaginn 23. nóvember, verður hið árlega bókasjall Bókasafns Kópavogs haldið. Hefst dagskráin kl. 20 á aðalsafni og höfundarnir sem mæta til leiks í ár eru Einar Kárason, Kristín Ómarsdóttir og Vigdís Grímsdóttir.

Einar Kárason fjallar um bókina Heimsmeistari sem er nýkomin út en Einar hlaut Alþjóðleg bókmenntaverðlaun Menningarhúss og Borgarleikhúss Stokkhólms árið 2020 fyrir bókina Stormfuglar. Nýjasta bók Einar, Heimsmeistari, er kynngimögnum frásögn sem engin ætti að láta fram hjá sér fara.

Kristín Ómarsdóttir er með bókina Móðurást: Oddný í jólabókafloðinu í ár. Kristín var tilnefnd til Fjöruverðlaunanna árið

2020 fyrir bókina Svanafólkið. Móðurást: Oddný er skáldsaga sem Kristín byggir á sögu formæðra sinna og er væntanleg í bókabúðir á næstu dögum. Við hlökkum mikið til að lesa hana spjaldanna á milli.

Það er liðinn áratugur frá síðustu skáldsögu Vigdísar Grímsdóttur svo það er mikill fengur fyrir okkur að fá hana í bókasjallið með nýjstu bókina sína sem ber heitið Ævintýrið. Bókin er skrifuð af einstakri frásagnargleði og næmi fyrir mannlegu eðli. Vigdís hlaut verðlaun Jónasar Hallgrímssonar árið 2017.

Guðrún Sóley Gestsdóttir, fjölmiðlakona og bókmenntafræðingur stýrir umræðum og boðið verður upp á léttar veitingar.

Öll hjartanlega velkomin á meðan húsrúm leyfir.

Nýtt merki – Hispanitas

Handgerðir skór frá Spáni



Hispanitas Tokyo
31.990 kr.



Hispanitas Tokyo
31.990 kr.



Hispanitas Tokyo
27.990 kr.



Hispanitas Tokyo
27.990 kr.



Hispanitas Tokyo
29.990 kr.



Hispanitas Tokyo
29.990 kr.



Hispanitas Charlize
27.990 kr.



Hispanitas Charlize
28.990 kr.

Vefverslun | aprilskor.is


apríl

Garðatorg 6, sími 551 5021 | Kringlan, sími 551-5024 | aprilskor.is

Svíf þú inn í svefninn ...í rúmi frá okkur!

RB
RÚM



 **heklaíslandi**



Hágæða Florence bómullarhandklæði
og náttloppar frá CLARYSSE bath & kitchen



Falleg handmáluð jólakerti frá FLATYS

**Íslensk
hönnun**

RB rúm | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397

www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á Instagram 

Opið mánudaga til fimmtudaga 08:00-18:00 · föstudaga 08:00-17:00 · laugardaga 10:00-14:00



Íþróttir fyrir öll í Kópavogi

Nú í árslok 2023 býðst Kópavogsbúum að kjósa íþróttakvart Kópavogs í fyrsta skiptið, til viðbótar við íþróttakonu og íþróttakaril Kópavogs eins og tíðkast hefur síðustu ár. Með þessari breytingu er Kópavogsbær orðinn fyrsta sveitarfélag landsins til þess að skapa rými fyrir tilnefningu kynsegin fólks við val á íþróttafólki ársins en það er vonandi að fleiri fylgi á eftir.

Fyrir breytinguna var það háttalag á að hvert íþróttafélag í Kópavogi mátti tilnefna eina konu og einn karl í tveimur aldursflokkum, 13-16 ára og 17 ára og eldri, fyrir hverja grein íþróttar sem stunduð er hjá viðkomandi íþróttafélagi en nú má einnig tilnefna stálp og kvár. Íþróttaráð Kópavogs fer síðan yfir tilnefningarnar og velur allt að fimm karla, fimm konur og fimm kvár sem fara í rafræna íbúakosningu. Verðlaunin verða svo veitt í þremur flokkum, kvennaflokk, karlaflokk og kváraflokk. Íþróttakvart Kópavogs 2023, ásamt íþróttakarli og -konu, verður svo krýnt í fyrsta sinn á íþróttahátíð Kópavogs í janúar 2024.

Við Píratar í Kópavogi lögðum þessa breytingu en meðal áherslumála okkar í síðustu kosningum var að stuðla að því að íþróttahreyfingin yrði aðgengileg öllum óháð meðal annars kyni.

Staðreyndin er sú að ef krakkar sem upplifa sig utan kynjathvíggjunnar eiga sér engar fyrirmyndir sem stunda íþróttir, og umgjörð íþróttahreyfingarinnar gerir ekki ráð fyrir þeim, þá dregur það verulega úr líkum á því að þau leggi stund á íþróttir



Árni Pétur Árnason



Indriði Ingi Stefánsson

sjálf. Þetta er því bæði mikilvægt jafnréttis- og lýðheilsuátt. Við erum þakklát kollegum okkar úr öðrum flokkum bæjarstjórnar sem flestir tóku mjög jákvætt í uppfærsluna og töldu hana bæði sjálfsgæða og tímaþæra.

Árni Pétur Árnason og Indriði Ingi Stefánsson

Læsi eft með lestrartölvuleik

Kópavogsbær er einn af samstarfsaðilum verkefnis sem snýst um að efla læsi með notkun finnska lestrartölvuleiksins Graphogame og mun leiða fyrstu skrefin í prófun á íslensku staðfærslunni árið 2024 með notkun leiksins í fyrsta bekk grunnskóla og rannsókn á árangri.

Graphogame verður aðgengilegur á Íslandi frá fyrsta ársfjórðungi 2024 en unnið hefur verið að staðfærslu hans undanfarin misseri.

„Við erum stolt af því að taka þátt í þessu verkefni enda læsi lykill að góðri kunnáttu í lestri sem er grunnur alls náms. Kópavogur býr yfir sérfræðipækkingu sem mun vonandi nýtast vel þegar Graphogame verður tekið í notkun,“ segir Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri Kópavogs.

Leikurinn er liður í viðbragði við vaxandi áskorun barna þegar kemur að lestri og málskiptingum en Graphogame grípur börn í grunnundirstöðum lestrar, aðlagar sig að getustigi þeirra og hefur margþýnt virkni sína við að koma þeim börnum sem eru sein til læsis hratt á rétta leið. Graphogame hefur verið aðgengilegur öllum finnskum börnum undanfarin ár í lestrarnámi þeirra með góðum árangri.

Í tilefni af byrjun viku íslenskrar tungu var verkefnið formlega kynnt í sal Ísaksskóla þar sem Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðgjafi flutti ávarp og Tryggvi Hjaltason og Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir verkefnastjórnar kynntu verkefnið að viðstöddum aðstandendum undir heitinu Samfélagssáttmáli um læsi.

Tryggvi Hjaltason og Billboard ehf standa saman að útgáfu tölvuleiksins Graphogame í íslenskrari útgáfu, sem verður gjaldfrjálst í



F.v. Tryggvi Hjaltason, verkefnastjóri, Þórdís Jóna Sigurðardóttir, forstjóri menntamálastofnunar, Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðgjafi, Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri SA, Védís Hervör Árnadóttir, forstöðumaður miðlunarsviðs SA, Þorvaldur Davíð Kristjánsson, leikari, Ilmur Kristjánsdóttir, leikkona, Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri í Kópavogi, Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir, læsisfræðingur, Birgir Örn Birgisson, stjórnarformaður Billboard og Vésteinn Gauti Hauksson, framkvæmdastjóri Billboard. Í bakgrunni má sjá meðlimi í Barnakór Ísaksskóla.

fimm ár. Billboard fjármagnar verkefnið ásamt því að tryggja og viðhalda vitund almennings fyrir leiknum næstu fimm árin.

Graphogame hefur verið staðfært á 11 tungumál um allan heim og hlaut á dögunum UNESCO menntaverðlaunin fyrir afburðaárangur. Það þýðir að aðferðafræðin hefur skilað framúrskarandi mælanlegum árangri í læsi þvert á tungumál.

Aðstandendur verkefnisins vonast til að að hér sé kærkomin viðbót í verkfærakistu þjóðarinnar til að efla læsi allra.

Auk Kópavogsbæjar eru aðstandendur verkefnisins:

- Samtök atvinnulífsins standa vörð um íslenska tungu og hafa unnið að verkefnum sem ætlað er að styrkja

íslenska máltækni. SA eru stoltur stofnaðili Almennaróms miðstöðvar máltækni, sem ber ábyrgð á framkvæmd máltækniáætlunar stjórnvalda. Þá standa samtökin fyrir reglulegri fræðslu og hvatningu til allra fyrirtækja sem vilja styrkja íslenskuna og verjast erlendum áhrifum í gróskumiklu alþjóðaumhverfi.

- Félag læsisfræðinga hefur veitt stuðning við staðfærslu leiksins og ýmsa ráðgjöf um íslenska málnotkun, sérreglur og fleira.
- Menntamálastofnun vinnur nú að kennsluleiðbeiningum um notkun leiksins í skólaskrifum.
- Fleiri aðilar munu koma að verkefnum á síðari stigum og verða þeir kynntir sérstaklega. Sem dæmi ætlar Skopp að verðlauna duglega lestrarhesta með frímiðum í Skopp á næstu vikum.

Bókasafn Kópavogs

| bokasafn.kopavogur.is

Bókaspjall

23. nóvember kl. 20:00

Árlegt bókaspjall Bókasafns Kópavogs fer fram á aðalsafni undir stjórn Guðrúnar Sóleyjar Gestsdóttur. Rithöfundar lesa úr nýjustu verkum sínum og taka þátt í líflegum umræðum.



Vigdís Grímsdóttir
Ævintýrið



Einar Kárasón
Heimsmeistari



Kristín Ómarsdóttir
Móðurást: Oddný



Guðrún Sóley Gestsdóttir
stýrir umræðum

Léttar veitingar, kertaljós og huggulegheit.
Aðgangur ókeypis og öll velkomin á meðan húsrúm leyfir.

Kjötkompaní

NAUTALUND WELLINGTON

Munið að þanta tímanlega



DALSHRAUNI 13
220 Hafnarfirði

BÍLDSHÖFÐA 18
110 Reykjavík

GRANDAGARÐI 29
101 Reykjavík

kjotkompani.is



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)

Jólaálinan öll úr íslenskri menningu

Allt í jólapakkann í Lin Design á Smáratorgi

Það stýttist óðum í jólahátíðina og verslunin Lin design á Smáratorgi ber þess merki enda er verslunin full af fallegri jólavörum, en allt frá upphafi hefur það verið markmið Lin Design að hanna og framleiða gæðavörur sem eru innblásnar úr íslenskri náttúru og menningu.

Kópavogspósturinn kom við í versluninn og heyrði hljóðið í systrunum Ágústu og Guðrúnu Gísladætrum, eigendum Lin Design og spurði þær nánar um jólavörurnar og verslunina, en það er hægt að fá svo mikið meira en jólaleg sængurföt hjá þeim í tilefni jólahátíðarinnar?

Þið bjóðið upp á fjölbreytt úrval af jólavörum í Lin design? „Já, jólaálin spannar allt frá jólanáttfötum á alla fjölskylduna með íslensku jólasveinunum, rúmfötum, heimilsvörum eins og svuntur, dúkar, glasamottur, flöskupokar, gleðileg jól servíettur, handklæði og fleira,” segir Ágústa.

Jólagjafir fyrir ættingja, vini og starfsfólk fyrirtækja
Svo það er heldur betur hægt að jóla sig aðeins upp í Lin Design fyrir jólahátíðina eða finna fallega jólagjöf til að gleðja? „Þú getur græjað öll jólagjafainnkaupin hjá okkur því vörurvalið og verðbilið er fjölbreytt og þú færð einnig jólagjafapokann og kortið hjá okkur svo þetta mjög þægileg innkaup,” segir hún og bætir: „Einnig er Lin Design góður kostur er kemur að jólagjöfum fyrir starfsfólk fyrirtækja því það getur verið vandasamt að finna réttu gjöfina fyrir fjölbreyttan hóp fólks, en hjá okkur er fjölbreytt úrval af vörum sem flest allir nota eins og rúmfatnaður, handklæði, kósýföt, ilmír og fleira.”

Jóla kötturinn, Grýla, Leppalúði og jólasveinarnir koma sterk inn
Og þið hafið ávallt lagt mikla áherslu á hönnuð og gæði sem eru innblásin úr íslenskri náttúru og menningu. Á það einnig við jólavörurnar? „Já, jólaálin okkar er öll úr íslenskri menningu, þar koma Jóla kötturinn, Grýla, Leppalúði og jólasveinarnir sterkir inn. Mikið af jólavörunni er bróðeruð með íslenskum texta. Þetta er menningararfur sem nauðsynlegt er að halda í og það er gaman að gefa gjafir innblásnar úr íslenskri jólahæfð,” segir Ágústa og heldur áfram: „Jóla koddaverin eru mjög vinsæl til gjafa, en þau koma með óskum um Gleðileg Jól og gömlum og góðum íslenskum slögurum eins og Eg sá mömmu kyssa jólasvein og Gefðu mér gott í skóginn, ásamt fleiri jólamynstrum.”

Allar vörur eru vottaðar
En Lin design er svo margt og mikið meira en bara sængurver/rúmföt því þið eruð með fjölbreytt úrval af fallegri

vörum eins og fatnað, fyrir stofuna, baðherbergið og ilmvörur svo fátt eitt sé nefnt. Erúð þið alltaf að bæta við vörurvalið? „Við förum í þá vegferð að styrkja betur við íslenskt atvinnulíf með því að framleiða vörur hér heima. Ullar-teppin okkar eru úr íslenskri ull og framleidd á landsbyggðinni. Einnig framleiddum við Lavender ilminn okkar hér á Íslandi og erum að framleiða kertin á vernduðum vinnustað hér heima. Nýjasta afurðin okkar eru servíettur sem eru einnig framleiddar hérlandis. Þá höfum við aukið við

Markmiðið að minnka umhverfisáhrif og vernda náttúruna
Og þið hugið vel af umhverfinu eins og þú nefnir og fylgið ákveðinni umhverfisstefnu? „Okkar markmið er að minnka umhverfisáhrif í öllum okkar störfum og vernda náttúruna með því að lágmarka alla soun. Við leggjum því áherslu á að hanna umbúðir sem nýstast áfram eða vera með umbúðarlausar vörur þegar umbúðir nýstast ekki áfram til að vernda náttúruna. Við þökkum ekki rúmfötum í plast heldur í endurnýtanlegar umbúðir.



vottanir á framleiðslunni hjá okkur, en allar vörur eru vottaðar og dúnnvörurnar eru bæði RDS vottaðar og Oeko-Tex vottaðar. Einnig höfum við unnið með dýrari náttúrulegum hráefni eins og silki og bambus í rúmfatnaði og Modali í náttfötum og kósýfatnaði.”

En hvernig kom þið til á sínum tíma að þið ákváðuð að kaupa Lin Design?
„Við komum báðar úr fjármálkerfinu og vorum búnar að starfa þar í yfir 30 ár og ákváðum að breyta til. Svo það var mikið að læra og kynna er við förum af stað, sérstaklega varðandi hönnunina og framleiðsluna, efnin, umhverfisverndina, menningarmunninn á milli framleiðslulanda og svo framvegis. Þekking og reynsla starfsfólks og fyrri eigenda Lin Design hjálpaði okkur mikið til að komast inn í rekstarumhverfið. Svo erum við alltaf með textílmennnaðan hönnuð, sem er okkar stoð og stytta, en hann hannar allar vörurnar með okkur.”

Með þessu nýtum við umbúðirnar á skemmtilegan hátt á sama tíma og við gerum umhverfinu gott. Við leggjum mikla áherslu á að viðskiptavinir noti fjölnota umbúðir undir gjafir í stað gjafapappírs. Því höfum við hannað og framleitt fjölnota gjafapoka og erum að hvetja til notkunar á þeim núna fyrir jólin ásamt jóla korti úr krossvið sem hægt er að endurnýta áfram sem jóla skraut. Með þessu verður til skemmtilegt deilihagkerfi því svo er hægt að nota gjafapokana áfram um næstu jól, til næstu fjölskyldu og vina og ekki skemmri að jólapokarnir eru með sjálfum Lin Design jóla kortinum, Stúf og Lin Design jóla rósinni,” segir Ágústa.

Og svo hafið þið verið í góðu samstarfi við Rauða krossinn?
„Já, við tökum á móti notuðum fötum og rúmfötum frá Lin Design. Við komum þeim svo áfram til Rauða Krossins sem endurnýtir þau og við bjóðum viðskiptavinum auk þess 20% afslátt af nýrri vöru.”



Systunar, Ágústa og Guðrún í verslun Lin Design á Smáratorgi



áherslu á að hanna kósý náttfatnað fyrir öll kyn og alla fjölskylduna eins og jóla náttfatasettin. Þá vinnur silkið verulega og silki koddaverin eru rosalega vinsæl, mikið keypt af þeim bæði til gjafa og eigin nota.”

Öflug netverslun

Og fyrir þá sem búa út á landi þá eruð þið með öflugri netverslun?
„Já, við settum upp nýja og endurbætta vefverslun í fyrri. Vörur sem eru pantaðar fyrir hádegi eru komnar til viðtakanda næsta virka dag á landsbyggðina. Einnig njóta margir á höfðuborgarsvæðinu netverslunina enda finnst mörgum þægilegt að geta verslað heima og fengið vöruna senda heim til sín eða í póstbox,” segir Ágústa og bætir við: „Íslendingar sem búa erlendis nýta einnig netverslunina töluvert, panta gjafir fyrir ættingja og vini og láta síðan senda þær beint á viðtakanda. Þá kaupa þeir líka fjölnota gjafapoka og kort í leiðinni og við græjum svo gjöfina og sendum fyrir þá.”

Og að lokum, þið trúið því að vandaðir hlutir gleðji og veiti vellíðan - hver væri nú ykkar draumaólafgjöf úr Lin Design?
„Mulberry silkið, þetta er eitt vandaðasta og jafnframt dýrasta efnið sem er ofið, en veitir einnig bestu vellíðan. Það er ekkert sem toppar silkið svo er alltaf voða kósý að fara í ný mjúk náttföt á aðfangadagskvöld,” segir Ágústa brosandí og lokum.

Gleðin barnanna leyndi sér ekki þegar nýjar hænur mættu í Heilsuleikskólann Urðarhól

Börnin í Heilsuleikskólanum Urðarhóli voru glöð þegar við fengum sex nýjar hænur. Gömlu hænurnar fóru í sumarvöl í Flóann til Ragnars Sigurjónssonar sem kom svo færandi hendi með sex nýjar hænur nú á dögnum þar sem gömlu hænurnar voru hættað að verpa.

Hænurnar eru partur af þróunarverkefni hjá okkur í Urðarhóli þ.e. að auka sjálfbærni og minnka matarsoun. Verkefnið hefur mælst vel fyrir og hafa foreldrar, börn og kennarar

þeðið spennt eftir að fá hænurnar til baka eftir að þær fóru í sveitina fyrir sumarlokun.

Verkefnið byggir á samvinnu heimili og skóla með að opna og loka fyrir hænurnar um helgar og á lokunardögum leikskólans. Foreldrar eru mjög áhugasamir og hefur hver einasta helgi verið fullbókuð og ávallt fólk á hliðarlínum ef til þarf.

Kær kveðja
Sigrún í Urðarhóli





Hjúpað dökku súkkulaði

NÝTT



Jól í skókassa í Snælandsskóla

Verkefni sem felst í því að fá börn og fullorðna til þess að gleðja börn í Úkraínu

Nemendur í 6. bekk Snælandsskóla fóru með „Jól í skókassa“ að Holtavegi 28 í húsi KFUM og KFUK í síðustu viku. Þetta er alþjóðlegt verkefni sem felst í því að fá börn og fullorðna til þess að gleðja börn í Úkraínu sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika með því að gefa þeim jólagjafir sem settar eru í skókassa. KFUM og K sér síðan um að senda þá til Úkraínu.

Nemendur fengu góðar móttökur, farið var yfir skipulag verkefnisins og nemendur sáu bæði allar gjafirnar sem hafa borist og þær sem eru enn í undirbúningi. Faðir Evheniy Zhabkovskiy, aðalskipuleggjandi dreifingarinnar í Úkraínu, spjallaði við nemendurna.



Faðir Evheniy Zhabkovskiy, aðalskipuleggjandi dreifingarinnar í Úkraínu, spjallaði við nemendurna



Dagur íslenskrar tungu í Hörðuvallaskóla

Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur á fæðingardeggi Jónasar Hallgrímssonar, 16. nóvember ár hvert.

Í Hörðuvallaskóla gerðu nemendur og starfsfólk sér glaðan dag af því tilefni og söng Kór Hörðuvallaskóla fyrir nemendur á sal til mikillar gleði áheyrenda.



Síðasta fimmtudag hvers mánaðar
**SKÚLPTUR
& SMÖRRE
í Gerðarsafni**



Gerðarsafn
Kópavogur
Art Museum

KRÖN/KAN
VÍNÓ & SMÖRRE

SALURINN

Gefðu
tilhlökkun
Gjafakort
Salarins

FÁANLEGT Á
SALURINN.IS

Jóladrykkirnir slá í gegn og í ár bætist Jóla Fressó við

Kaffihús Te&Kaffi eru komin í jólabúninginn og jóladrykkirnir slá í gegn

Jólahátíðin er framundan og það er ekki hægt að segja annað en að kaffihús Te&Kaffi séu komin jólabúningin enda jólaþráttir komnar upp og matseðillinn hefur tekið breytingum og ber nú góðan keim af spennandi réttum í tilefni hátíðarinnar.

Te&Kaffi rekur tvo falleg kaffihús í Kópavogi, í Smáralind og Hamraborginni, þar sem gott er að setjast niður, stimpla sig út úr amstri dagsins og njóta einstaklega afslappaðs og notalegs andrúmslofts þar sem mjúkur kaffilmur umvefur mann.

En það eru ekki eingöngu kaffihús Te&Kaffi sem taka breytingum yfir jólahátíðina því á hverju ári framleiðir Te&Kaffi sérstakt Jólakaffi sem fæst í öllum matvöruverslunum landsins og á kaffihúsunum að sjálfsgöðu.

Eftirvænting eftir Jólakaffinu

Kópavogspósturinn spurði Halldór Guðmundsson framkvæmdastjóra kaffihúsa Te & Kaffi hvort það sé ávallt sami ilmurinn og bragðið af jóla- og hátíðarkaffinu eða kemur ný tegund á hverju ári? „Jólakaffiblandan er ávallt sú sama, það eru margir sem bíða spennir eftir Jólakaffinu sínu og vilja það eins ár eftir ár,” segir hann.

Nú eru kaffihúsin ykkar komið í jólabúninginn - ber matseðillinn þess



merki - bætist eitthvað við hann í tilefni jólahátíðarinnar? „Við komum ávallt með jóladrykki sem njóta mikilla vinsælda. Við komum alltaf með Grýlu, Leppalúða og Snæfínn á hverju ári en nú bætist Jóla Fressó við en það er mjög ferskur íste drykkur búinn til úr jólaglöggu teinu okkar, kanil og lime.”

Og þið eruð farin að bjóða upp á nokkuð fjölbreyttan matseðil allt árið, eruð þið stöðugt að þróa hann og bæta við réttum? „Já, við erum í samstarfi við mörg frábær bakari eins og Brikk, Nýja kökluhúsið og Gæðabakstur og við vinnum saman að vöruþróun á meðlætinu okkar og reynum að koma með nýjungar reglulega yfir árið,” segir Halldór.

Og kaffihúsameningin er stöðugt að verða sterkari hérlendis - Íslendingar

eru í auknum mæli farnir að stunda kaffihúsin? „Já, kaffihús eru almennt að verða vinsælli og vinsælli, við reynum að skapa notalegt andrúmsloft sem fólk sækir í.”

Flestir mjög vanafastir

En halda Íslendingar ekki svolítið fast í sinn kaffidrykk, breyta lítið út af vana eða eru þeir tilbúnir að fá sér einn hátíðarbolla út af stemmningunni? „Flestir eru vanafastir þegar kemur að sínum kaffidrykk en þó tilbúnir að smakka eitthvað nýtt eins og árstíðabundnu drykkina.”

Svo er alltaf spennandi að vita hver sé vinsælasti kaffibollinn á Te&Kaffi? „Cappuccino er vinsælasti drykkurinn á kaffihúsunum okkar. En svo eru árstíðabundnu drykkirnir alltaf vinsælir. Núna eru jóladrykkirnir að slá í gegn.”



Tvöfaldur Cappuccino í uppáhaldi Hvaða kaffibolli er svo í uppáhaldi hjá Halldóri? „Þegar ég fer á kaffihúsin okkar fæ ég mér alltaf tvöfaldan Cappuccino lagaðan af okkar frábæru kaffiþjón-

um. Þegar ég er heima þá helli ég ávallt uppá nýristað, nýmalað kaffi,” segir Halldór sem hvetur bæjarbúa að bragða á jóladrykkjunum. „Þeir verða ekki fyrir vonbrigðum með drykkina né jóla-kaffið.”



Endurnýjun á rennibrautum lokið

Endurnýjun á rennibrautum í Sundlaug Kópavogs er lokið og því hægt að nota þær á nýjan leik.

Ýmsar framkvæmdir hafa verið í sundlauginni á árinu en í sumar var endurnýjun á 50 metra lauginni.

Jólahlaðborðið í Gjabakka verður haldið fimmtudaginn 7. Desember kl. 11.30

Bragi Fannar Dorsteinsson

tekur á móti okkur með ljúfum jólatónum og leikur síðan undir á píanó fyrir samsöng.

Borðhald hefst kl. 12

Þátttökuskráning er hafin

Verð 5.800

Midásalan hefst svo

Mánudaginn 27. Nóv.

Við kassann í borðstofunni

Gledilega hátíð



Matseðillinn

Forréttir:

Rækjukokteill m/melónu, grænmeti og chantilly sósu.

Graflax m/sinneþssósu og ristudu baguette brauði.

Jólasild á dönsku kornbrauði m/karrýsósu.

Adalréttir:

Kalt hangikjöt

Heitt kalkúnaskip m/brauðfyllingu

grísa rifjasteik m/puru

medlæti:

kartöflur, jafningur, raudkál, grænar baunir, epplasalat, laufabrauð og smjör.

Steiktar kartöflur, ristad rötargrænmeti og púrtvíns/appelsínusósa.

Eftirréttur:

Ris a la mande m/kirsuberjasósu.



LUMAR ÞÚ Á HUGMYND FYRIR KÓPAVOGSDAL?

Vinna stendur nú yfir við heildarsýn fyrir Kópavogsdal. Kópavogsbúum gefst kostur á að setja inn sínar hugmyndir um nýtingu og framtíðarsýn fyrir dalinn.

Taktu þátt ef þú vilt hafa áhrif!

Gáttin er opin 15.–29. nóvember 2023

á Kópavogssvæði betraisland.is



Skannaðu kóðann og sendu inn hugmynd!



Kópavogsbær

kopavogur.is